

# STJÓRNARFUNDUR BSÍ

## FUNDARGERÐ

<b>Fundarstjóri:</b> Jafet Ólafsson	<b>Fundur nr. :</b>	<b>3</b>
<b>Fundarritari:</b> Sigurður Páll Steindórsson	<b>Staður:</b>	Síðumúli 37
<b>Fundargestir:</b> Jafet Ólafsson (JÓ) Guðný Guðjónsdóttir (GG) Gunnar Björn Helgason (GBH) Hrannar Erlingsson (HE) Ólöf Þorsteinsdóttir (ÓÞ) Sigurður Páll Steindórsson (SPS)	<b>Dagsetning:</b>	29.9.2021
	<b>Frá kl.:</b>	17:30
	<b>Til kl.:</b>	18:30
	<b>Næsti stjórnarfundur:</b>	27. október

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
1	<u>Fundargerð síðasta fundar</u> JÓ setti fundinn. Engar athugasemdir voru við fundargerð síðasta fundar.
2	<u>Afmælimót - Bermúdaskálin</u> Haldið var boðsmót þann 24. september síðastliðinn í tilefni þess að 30 ár eru liðin frá heimsmeistaratitli Íslendinga í bridge (Bermúdaskálinni). Mótið var haldið í Síðumúlanum og þótti takast vel. Þó gleymdist að bjóða einhverjum af boðslistanum á mótið og þykir stjórninni það miður.
3	<u>Almennt um rekstur sambandsins og fjárhagsstöðu</u> JÓ ræddi fjárhag BSÍ. Tæpar 4 m.kr. eru í sjóði sambandsins og fjárhagsstaða almennt í góðu lagi. Semja þarf við ríkið fyrir árslok hjá menntamálaráðuneytinu (JÓ).
4	<u>Mótaskrá</u> Mótaskrá er tilbúin og komin á netið. Rætt var um möguleika að halda Íslandsmót í tvímenni á þessu ári. Þarf að skoða nánar (SPS).
5	<u>Ný heimasíða</u> Ný bridge.is heimasíða hefur verið tekin í notkun. Sverrir Kristinsson á mestan heiður af síðunni og sömuleiðis HE. Gjöld af eldri síðunni eru dottin út. Gera þarf upp fyrri vinnu við heimasíðumál (Daníel) og finna gjöf handa Sverri.
6	<u>Framkvæmdastjórastaða</u> JÓ ásamt HE og GK hafa gert drög að auglýsingu og starfslýsingu fyrir framkvæmdastjóra BSÍ. <i>Staðan var auglýsti 3. október og umsóknafrestur er til 15. okt.</i>
7	<u>Nýliðun og námskeið í bridge</u> Guðmundur Páll hyggst ekki halda námskeið í haust. Rætt um hvort GBH geti mögulega séð um námskeið í haust í staðinn. JÓ og GBH ræða við Guðmund Pál vegna þessa.

Málsnr.	Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:
8	<p><u>Heimsmeistaramót á Ítalíu 2022</u></p> <p>Heldri manna liðið tekur þátt. Rætt um kostnað við mótið, stjórninni líst almennt vel á að BSÍ greiði þátttökugjöld og flug. Miðað er við að kostnaðaráætlun liggja fyrir á næsta fundi til nánari umræðu.</p>
9	<p><u>Landsliðsmál</u></p> <p>Norðurlandamót verður haldið í júní á næsta ári. Ákveðið að taka lokaákvörðun um landsliðsmál í nóvember.</p>
10	<p><u>Reykjavík Bridgehátíð 2022</u></p> <p>Eliza, forsetafrú, mun setja mótið. Nokkrir frægir erlendir spilarar hafa boðað komu sína, Zia og Dennis Bilde m.a. Óþ heldur utan um skipulagninguna en einn keppnisstjóra vantar enn fyrir mótið.</p>
11	<p><u>Önnur mál</u></p> <p>Í upphafi fundar benti Sveinn Rúnar benti á að athuga mætti með leigu á skálum í golfklúbbum fyrir bridgemót. Gæta þarf að lýsingu. SPS skoðar nánar í samstarfi við Svein.</p>